


MINNISBLAÐ UMHVERFISSTOFNUNAR VEGNA FRUMVARPS TIL EFNALAGA 29.10 2012

Umhverfisstofnun hefur, að ósk Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, tekið saman þetta minnisblað um þær athugasemdir sem fram koma í umsögnum heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa um nýtt frumvarp að lögum um efni. Kjarninn í umsögnum heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa sem sent hafa umsagnir við frumvarpið er að tilgangi frumvarpsins við að einfalda eftirlit sé ekki náð, heldur sé fyrst og fremst verið að auka flækjustigið. Eins sé hætt á því að vernd almennings minnki þar sem eftirlitið sé ekki lengur heima í héraði. Umhverfisstofnun tekur ekki undir þessar athugasemdir. Rökstuðning fyrir auknu hlutverki Umhverfisstofnunar má enn fremur finna í umsögn stofnunarinnar um frumvarpið sem sent var nefndinni þann 22. okt sl. sem og þeim glærupunktum sem dreift var á fundi Umhverfis- og samgöngunefndar þann 24. okt. sl.

Það eftirlit sem fram hefur farið með efnum og efnablöndum á Íslandi undanfarin ár er fyrst og fremst eftirlit með merkingum efna og efnablandna í verslunum og þjónustufyrirtækjum sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að þessi skylda HES breytist með þeirri undantekningu þó að felld verður út starfsleyfisskylda fyrir verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eitrefni og verslun með fegrunar- og snyrtiefni. Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst sú áherslubreyting sem boðuð er með frumvarpinu, að eftirliti með efnum, efnablöndum og efnum í hlutum verði fyrst og fremst beint að þeim sem bera ábyrgð á markaðssetningu þeirra, þ.e. birgjum (framleiðendum, innflytjendum, eftirnotendum og dreifendum) efst í aðfangakeðjunni en minni áhersla lögð á smásöluaðila eins og verslanir. Heilbrigðisnefndir munu eftir sem áður hafa eftirlit með þeim fyrirtækjum sem þær gefa út starfsleyfi fyrir og geta beitt þeim þvingunarræðum og viðurlögum sem þau hafa skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samkvæmt frumvarpinu mun Umhverfisstofnun hafa víðtækt eftirlit með framkvæmd þeirra nýju laga sem kynnt eru í nýja frumvarpinu og beita þeim þvingunarræðum sem þar eru kynnt. Verði Heilbrigðisnefnd vör við brot gegn nýju lögum í sínu eftirliti geta þau upplýst Umhverfisstofnun um brotið.

Ofangreind áherslubreyting var kynnt fyrir UMH 2011 og var niðurstaðan sú að hún yrði notuð sem upplegg við vinnslu frumvarpsins í vinnuhópi þeim sem stofnað var til af Umhverfisráðuneytinu og sem vinna átti nýtt frumvarp um efni. Hér verður gerð nánar grein fyrir þessari nálgun og þeim röksemdum sem liggja að grundvallar.



Ofangreind mynd sýnir hvernig markaður með efni, efnablöndur og efni í hlutum er byggður upp á Evrópska efnahagssvæðinu. Efst í aðfangakeðjunni eru innflytjendur (skv. skilgreiningu eru það aðilar sem flytja inn efni, efnablöndur og efni í hlutum frá löndum utan EES) og framleiðendur. Þessir aðilar bera skv. löggjöfinni ítarlegar skyldur um áhættumat efna, þ.e. mat á eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum þeirra og hver áhrif þeirra eru á menn og umhverfi. Framleiðendur og innflytjendur bera ábyrgð á að efni sem þeir framleiða eða flytja inn séu skráð hjá Efnastofnun Evrópu skv. REACH reglugerðinni. Eftirlit með þessum aðilum felst í því að fara yfir þau efni sem þeir framleiða og/eða flytja inn frá löndum utan EES, kalla eftir skráningarnúmerum efnanna og bera þau saman við upplýsingar í gagnabanka Efnastofnunar Evrópu, auk þess sem kallað er eftir og farið yfir öryggisblöð. Umhverfisstofnun hefur nú þegar tekið þátt í tveimur samræmdum eftirlitsverkefnum með ákvæðum REACH reglugerðarinnar. Verkefni voru í yfirumsjón Efnastofnunar Evrópu og framkvæmd í yfir 20 löndum. Unnið var með gögn frá tolli, auk ofangreindra gagna. Hér skal bent á að hluta af þessu eftirliti er hægt að gera í gegnum síma og rafrænt.

Framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur bera ábyrgð á að efni og efnablöndur séu rétt flokkaðar og merktar áður en þær fara á markað, sbr 30. grein í frumvarpinu. Eftirlit með flokkun og merkingu efna og efnablandna þarf því að fara fram hjá þeim, en ekki í þeim verslunum þar sem efni og efnablöndur eru til sölu. Skv. nálgun Umhverfisstofnunar ætti eftirlitið því að fara fram ofar í aðfangakeðjunni þar sem krafist er að þessir aðilar uppfylli skyldur sínar um rétta flokkun og merkingu. Eftirlit með þessu er ekki alltaf einfalt. Þó svo að vara sé merkt með hættumerki þá er sú merking ekki endilega í samræmi við rétta flokkun vörunnar. Því þarf að greina innihaldsefni og sannreyna flokkun með því að nota viðmið í reglugerðum. Slíkt eftirlit getur orðið æði tímafrekt og oft þarf að kalla eftir rökstuðningi ábyrgðaraðila fyrir flokkuninni. Slíkt eftirlit á ekki heima í verslunum og ekki er hægt að gera verslanir ábyrgar fyrir réttri merkingu á staðnum, nema ábyrgðaraðilinn fyrir markaðssetningunni sé verslunin sjálf. Auk þess telur Umhverfisstofnun mun hagkvæmara og markvissara að gera kröfur um breytingar hjá birgja heldur en í hinum ýmsu verslunum sem birginn selur til. Samkvæmt nýrri reglugerð um flokkun og merkingu, sem sett verður þann 29. október n.k. og innleiðir nýjar reglur um flokkun, pökkun og merkingu, eru það birgjar sem bera á ábyrgð á réttri pökkun og merkingu efna og efnablandna. Eðlilegt framhald af þeirri innleiðingu er því að einbeita kröftum eftirlits að þeim þegar kemur að því að hafa eftirlit með þessum þáttum. Ákveðin einföldun næst líka með þessari áherslu þar sem birgjar eru færri en verslanir.



Áður en langt um líður verður markaðurinn á Íslandi þannig að öll plöntuvarnarefni og öll sæfiefni þurfa að hafa markaðsleyfi, eða gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi sem gefin er út af Umhverfisstofnun. Slík leyfi eru háð áhættumati sem stofnunin mun þurfa að gera á efnunum og getur slíkt mat orðið æði kostnaðarsamt fyrir fyrirtæki sem um þau sækja. Aðilar sem eru með markaðsleyfi munu án efa krefjast þess að haldið verði úti öflugum innflutnings- og markaðseftirliti þannig að vörur sem ekki hafa leyfi verði teknar umsvifalaust úr umferð. Það er mat Umhverfisstofnunar að sú sérþekking innan stofnunarinnar sem byggst hefur upp um þessa vöruflokka, bæði með leyfisveitingum og eins alþjóðlegu samstarfi, nýtist best ef stofnunin heldur sjálf utan um eftirlitið.

Aðrir eftirlitsþættir skv. frumvarpinu tengjast m.a. eftirliti með takmörkunum á tilteknum efnum í vörum/hlutum, innflutningi flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og ósoneyðandi efna, eftirlit með markaðssetningu og merkingum snyrtivara, eftirlit með tilkynningum frá aðilum sem markaðsetja eiturefni og tiltekin varnarefni og eftirliti með öryggisblöðum svo eitthvað sé nefnt.

Í hugmyndafræði efnalagafrumvarpsins er horfið fráhefðbundnu eftirliti sem byggir á grunni starfsleyfa eins og í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þess í stað er markmiðið heildstætt eftirliti í allri aðfangakeðjunni. Komið er á eftirliti með öllum þáttum efnafrumvarpsins á einum stað þ.e. hjá Umhverfisstofnun óháð því hvort stofnunin hafi gefið út starfsleyfi fyrir fyrirtækið eða ekki. Áhersla er lögð á eftirlit sem skipulagt er út frá áhættu og að sami aðili sinni því á þann hátt að full samræming sé til staðar bæði við beitingu eftirlits og við beitingu þvingunarúrræða og viðurlaga. Einnig að hægt verði að fara á skyndieftirlit eftir þörfum í takt við ábendingar sem berast og beina eftirliti að þeim sem ekki fara eftir lögnum. Eins væri mögulegt fyrir stofnunina að semja við heilbrigðisfulltrúa um að ná í sýnishorn í verslunum sem síðan yrðu greind eða skoðuð af stofnuninni eða að nýta sína starfsmenn hringinn í kringum landið. Þess má geta að mikill meirihluti þeirra birgja sem bera ábyrgð á markaðssetningu efna, efnablandna og efna í hlutum er staðsettur á suðvesturhorni landsins sem einfaldar að miklu leyti eftirlit efst í aðfangakeðjunni.

Umhverfisstofnun telur að með þessari nýju hugmyndafræði í eftirliti með efnum, efnablöndum og efnum í hlutum á Íslandi muni fljótlega skapast markaður sem neytendur geti treyst, enda munu viðurlög við brotum verða markvissari og skýrari með tilkomu stjórnvaldssekta. Vert er að benda á að markaður með efnum og efnablöndum á Íslandi er ekki stór í samanburði við önnur lönd innan EES og því til mikils að vinna að einfalda kerfið. Hugmyndafræði frumvarpsins er í samræmi við þær áherslur sem koma fram í nýrri efnalöggjöf Evrópusambandsins og endurspeglast í eftirlitskerfum landa eins og Danmörku og Finnlandi. Í henni er meiri ábyrgð lögð á herðar þeirra sem bera ábyrgð á markaðssetningu efna, efnablanda og efna í hlutum. Í Evrópulöggjöfinni er enn fremur rík krafa lögð á samræmingu í innleiðingu hennar á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, gerð er krafa um sérþekkingu á eiginleikum efna í tengslum við eftirlit og áhersla lögð á að samræming sé í framkvæmd. Efnastofnun Evrópu var m.a. sett á laggirnar til að tryggja þessa samræmingu.

Varðandi umsagnir um aukinn kostnað við eftirlit hjá stofnuninni er bent á að með frumvarpinu er gerð áherslubreyting í eftirliti með efnum, efnablöndum og efnum í hlutum. Eftirlitið mun ekki einskorðast við eftirlit með merkingum heldur verður eftirlitið eftir og haft verður eftirlit með öllum þáttum laganna sbr. umfjöllun hér að ofan. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að eftirlit verði eftir á þennan hátt þar sem staðreyndin er að notkun efna og áhrif þeirra, bæði á menn og umhverfi, er sífellt betur að koma í ljós, og einnig hefur athygli manna beinst að svokölluðum kokteiláhrifum hormónaraskandi efna. Því er mikilvægt að þau efni, efnablöndur og hlutir sem eru á markaði hér uppfylli kröfur laga þessara og gott eftirlit sé haft með því. Að auki mun stofnunin fá aukið hlutverk í leyfisveitingum varnarefna, sem og ábyrgð á að hafa yfirsýn yfir innflutning og notkun hættulegra efna á Íslandi. Það mat að stofnunina vanti 4 nýja sérfræðinga, þ.á.m. lögfræðing til að sinna þessum skyldum er alls ekki ofmat.

Hér má líka árétta að hluti af því eftirliti sem þarf að hafa með efnum, efnablöndum og efnum í hlutum er hægt að framkvæma rafrænt, auk þess sem tekin eru sýnishorn úr verslunum. Ekki er um eftirlit með meðferð og



notkun að ræða. Verið er að skoða skráningar, merkingar, innflutningsgögn, leyfisumsóknir og ýmislegt sem hægt er að nálgast rafrænt. Við þetta eftirlit er þörf á aðgengi að ýmsum gagnaböndum í Evrópu sem Umhverfisstofnun hefur og strangar öryggiskröfur gerðar áður en veittur er aðgangur.

Umhverfisstofnun vill að lokum taka undir nokkrar þær athugasemdir er lúta að því að sumt í frumvarpinu hefði mátt vinna betur eða skýra betur. T.d. að þörf sé á að skýra betur út hugmyndafræðina á bak við frumvarpið, hver gerir hvað og ábyrgðarskiptinguna. Vonandi eykur þetta minnisblað á skýrleikann. Umhverfisstofnun telur að ekki þurfi að umturna frumvarpinu, heldur mætti gera nokkrar einfaldar breytingar og taka tillit til þeirra umsagna sem komið hafa fram upp að vissu marki.

SVÖR VIÐ EINSTAKA ATHUGASEMDUM Í UMSÖGNUM HEILBRIGÐISFULLTRÚA VIÐ FRUMVARP AÐ NÝJUM EFNALÖGUM.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins (aths. merktar með rauðu)

1. kafli

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

2. gr. Það vantar „innflutning“ í upptalninguna.

Þetta er í samræmi við núgildandi lög nr. 45/2008 þar sem innflutningur er markaðssetning, og því ekki um nýjung að ræða.

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

3. gr. Í upptalninguna vatnar skilgreiningar á efnavöru, eiturefnabeiðni og eiturefnaleyfi.

- Fallið er frá því að skilgreina efnavöru í samræmi við evrópska löggjöf og tala þess í stað um efni, efnablöndur og hluti sem innihalda efni.
- Ekki er fjallað um eiturefnabeiðni í frumvarpinu.
- Eiturefnaleyfi er gefið út af Vinnueftirliti ríkisins og fjallað um í öðrum lögum

5. liður: Skilgreiningin er of löng og óþarflega flókin

Þessi skilgreining er í núgildandi lögum nr. 45/2008, og því ekki um nýjung að ræða.

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa

8. liður: Óskýrt er hvað átt er við með aðila sem flytur aftur inn efni sem flutt var út af Evrópska efnahagssvæðinu en var áður skráð hjá Efnastofnun Evrópu.

Þessi skilgreining er í núgildandi lögum nr. 45/2008, og því ekki um nýjung að ræða. Hér er átt við að ef efni er skráð innan EES, flutt út af því og svo aftur inn, þá þarf ekki að skrá það aftur, þ.e. aðilinn skilgreinist sem eftirnotandi.

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa

11. liður: Hér er framleiðandi skilgreindur sem einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem framleiðir efni innan svæðisins. Fjallar frumvarpið eingöngu um framleiðendur á því svæði? Er þetta ekki of þröng skilgreining?



Þessi skilgreining er í núgildandi lögum nr. 45/2008, og því ekki um nýjung að ræða

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

17. liður: Skilgreiningin er of þröng, væntanlega ná lögin einnig til innflutnings milli landa innan EES svæðisins.

Þessi skilgreining er í núgildandi lögum nr. 45/2008, og því ekki um nýjung að ræða. Aðilar sem flytja efni, efnablöndur og hluti sem innihalda efni á milli landa innan EES eru skilgreindir sem eftirnotendur og hafa allt öðrum skyldum að gegna en innflytjendur (þeir sem flytja inn frá löndum utan EES). Á eftirnotendum hvílir ekki skráningarskylda efna.

18. liður: Sama athugasemd og við 17. lið. Er innflytjandi ekki aðili sem flytur inn frá öðru landi á EES svæðinu

Sjá skýringu við athugasemd við 17. lið.

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

19. liður: Skv. frumvarpinu er tvenns konar markaðsleyfi í gangi, annars vegar markaðsleyfi fyrir varnarefni (33.gr.) og markaðsleyfi Efnastofnunar Evrópu (26.gr). Hér þyrfti að gera greinarmun á milli, það er ruglandi að hafa sama heitið á mismunandi leyfum í lögnum.

Þessi markaðsleyfi eru aðgreind með nafngiftum, þ.e. markaðsleyfi varnarefna og markaðsleyfi Efnastofnunar Evrópu. Ekki er mælt til þess að kalla markaðsleyfi eitthvað annað en það er til að skapa rugling. Ekki er fyrirséð að mörg markaðsleyfi Efnastofnunar Evrópu muni koma inn á borð Umhverfisstofnunar til samþykkis. Annað á við um markaðsleyfi varnarefna.

28. liður: Þessi skilgreining er allt of þröng og óskýrt hvað átt er við. Talað er um tæknilega virkni og búnað en hvað með nýtingu og sölu?

Þessi skilgreining er í núgildandi lögum nr. 52/1988, og því ekki um nýjung að ræða.

32. liður: Hér er ósamræmi milli reglugerðar um snyrtivörur (748/2003) á hugtakinu snyrtivara. Hér er sagt að þær séu m.a. ætlaðar til notkunar á dýrum en skv. Reglugerð um snyrtivörur eru snyrtivörur ekki til notkunar á dýrum heldur eingöngu á mannlíkamann. FHU bendir á að æskilegt er að hafa samræmi í skilgreiningum milli laga og reglugerða.

Þetta er rétt athugað og ætti að taka „eða dýr“ út úr skilgreiningunni.

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

II. kafli Verkaskipting stjórnvalda

5. gr. Hér er ekki talið upp að UST hafi eftirlit með því að öryggisblöð séu til staðar fyrir þau efni sem notuð eru í fyrirtækjum. Verður það eftirlit í höndum HES?

Nei, eins og áður mun Umhverfisstofnun hafa eftirlit með öryggisblöðum, samhliða REACH-eftirliti sínu efst í aðfangakeðjunni, þ.e. hjá innflytjendum, framleiðendum og eftirnotendum. Þessu mætti bæta við 2. málslíð 5. gr. til að auka skýrleika.

Í lið 5 kemur fram að UST skuli útbúa eftirlitsáætlun fyrir eftirlit með efnum og efnablöndum sem gildir fyrir landið allt og gæta hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Nú gera heilbrigðiseftirlitin sínar eigin eftirlitsáætlanir árlega fyrir reglubundið eftirlit og ekki víst



að áætlun UST sé í samræmi við þær. Getur UST ráðið yfir gerð eftirlitsáætlanna sem gerðar eru í umboði heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna?

Nei, UST getur ekki, og mun ekki, ráða yfir gerð eftirlitsáætlana annars stjórnvalds, þ.e. heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna.

Hafa skal hér í huga að efnavörueftirlit snýst um margt fleira en merkingar en það sá þáttur sem heilbrigðisfulltrúar hafa skoðað undanfarin ár. Auk þess skal hafa í huga að heilbrigðisfulltrúar þurfa að fara í öll fyrirtæki sem viðkomandi heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir. **Hins vegar mun Umhverfisstofnun fara í stikkprufueftirlit og beina kröftum sínum þar sem áhættan er talin mest**, beita m.a. svo kölluðu áhættumati. Í þessu skyni má nefna eftirlit með eiturefnum og varnarefnum, þ.e. hættulegustu efnunum, og eftirliti með efnunum í vörum en það er sá málaflokkur sem er hvað heitastur um þessar mundir. Má í því samhengi nefna að í Noregi er nú lögð mun ríkari áhersla á eftirlit með efnunum í hlutum en áður. Auk þess mun UST leggja áherslu á eftirlit með skráningu efna skv. REACH, flokkun og merkingu birgja og með markaðsleyfum varnarefna (plöntuvarnar- og sæfiefna) þar sem fyrirtæki leggja út háar fjárhæðir og leggja þarf áherslu á að fjarlægja vörur án markaðsleyfa af markaði til að tryggja jafnræði.

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

6. gr. Hér kemur fram eins og bent var á í almennri umsögn að HES heldur eftir sem áður efnavörueftirliti í fyrirtækjum sem heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi. Enn fremur getur HES tekið að sér eftirlitsverkefni með samningi við UST og skal hafa auga með og tilkynna til UST lögbrot sem vart verður við í öðru eftirliti. Ekki fæst séð hvernig þetta fyrirkomulag á að vera til einföldunar auk þess sem þetta stangast á við hlutverk UST skv. 2. lið 5. gr.

Í greininni stendur „hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir“.

Það er skilningur Umhverfisstofnunar að þessi grein lýsi því sem HES beri að gera í sínu eftirliti með þeirri starfsleyfisskyldu starfsemi sem nefndin hefur eftirlit með og varðar lög þessi. Þ.e. að fylgjast með hvort vörur séu merktar í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Eftirlit með merkingum efna og efnablandna er eingöngu brot af því eftirliti sem á að hafa með þessum vörum. Það er skylda HES að líta eftir því hvort vörur séu vanmerktar og upplýsa UST svo stofnunin geti beitt sér gagnvart birgja. Hér er hægt að nýta vefgátt UST og HES og efnavöruhóp. Ef fram kemur í starfsleyfi að merkingarskyldar vörur skuli uppfylla kröfur í lögum og reglugerðum og fyrirtæki verður uppvíst af því að vera með vanmerktar/ómerktar vörur þá er möguleiki að beita þeim þvingunarúrræðum sem HES hefur yfir að ráða skv. 7/98.

Gera má ráð fyrir að Umhverfisstofnun og HES haldi áfram samvinnu á vettvangi efnavöruhóps og væri eðlilegt að vinna að vinna á þeim vettvangi sameiginleg eftirlitsverkefni.

Í fyrsta lið 6. gr. kemur einnig fram að HES skuli upplýsa almenning um hættu tengda notkun á efnunum og efnablöndum þegar þörf er á til verndar heilsu eða umhverfi, en þessi liður er samhljóða 1. lið í gr. 5 þar sem þessi skylda er á höndum UST. Að mati FHU ætti að endurskoða greinina í heild sinni og gefa HES markaðseftirlit og fræðsluhlutverk til fyrirtækja og almennings eins og áður.

Fram kemur í greinargerð um 1. lið 6. gr.: „Lagt er til að heilbrigðisnefnd upplýsi almenning um hættu tengda notkun á efnunum og efnablöndum þegar þörf er á til verndar heilsu eða umhverfi. Hér má nefna þegar nauðsyn er á að upplýsa um sérstaka hættu á viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæði, svo sem klórleka í sundlaug.“



7. gr. Að mati FHU mætti færa efnavörueftirlit VER yfir til HES þar sem þar eru miklir möguleikar á einföldun og sambærilegt fyrirkomulag er á Norðurlöndunum.

UST tekur ekki afstöðu til þessarar athugasemdar

9. gr. Að mati FHU hefði það verið til einföldunar að flytja eftirlit Neytendastofu til UST í samræmi við markmið frumvarpsins skv. greinargerð.

UST tekur ekki afstöðu til þessarar athugasemdar

III. kafli

Reglugerðir

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

10. gr. Skv. 8. lið færast kælimiðlaeftirlit frá HES til UST. Þessu mótmælir FHU enda eftirlit með þjónustuaðilum/framleiðendum kælikerfa og kæli- og frystigeymsla í höndum HES skv. reglugerð nr. 785/1999.

Skv. 2. lið 6. greinar hefur HES eftirlit með meðferð og notkun efna og efnablandna hjá þeim starfsleyfisskyldu fyrirtækjum sem nefndin hefur umsjón með. Í þessu frumvarpi er engin breyting lögð til á því.

Skv. frumvarpinu er það hlutverk Umhverfisstofnunar að hafa eftirlit með markaðssetningu kælimiðlanna sjálfra, sbr. skráning efna skv. REACH og að ekki sé um að ræða bönnuð efni.

IV. kafli

Almennar skyldur

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

14. gr. Gerð er athugasemd við að einungis UST skuli geta gert kröfu um framfylgni skiptireglu í sínum starfsleyfum. Eðlilegt er að taka fram að HES geti einnig gert slíka kröfu í sínum starfsleyfum enda hluti af því sem gert er í eftirliti þegar rekstraraðilum er bent á að skipta út hættulegum efnum fyrir minna hættulegar þar sem unnt er.

Tekið er undir athugasemdina og lagt til eftirfarandi breyting á greininni.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Í starfsleyfi sem veitt er samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir má, innan hæfilegs frests, krefjast þess að þeir sem nota slík efni eða efnablöndur skipti þeim út fyrir efni, efnablöndur eða aðferð sem felur í sér minni áhættu fyrir heilsu eða umhverfi. Ráðherra getur með reglugerð sett almenn skilyrði um að þeir sem nota tiltekin efni eða efnablöndur skipti þeim út innan hæfilegs frests fyrir efni, efnablöndur eða aðferð sem felur sér minni áhættu fyrir heilsu eða umhverfi.

V. kafli

Framleiðsla og markaðssetning

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.



20 gr. Að mati ofangreindra á HES líka að geta fengið þær upplýsingar sem UST á kröfu á að fá skv. grein þessari

Í greininni segir: „Framleiðendur, innflytjendur, eftirnotendur og dreifendur efna, efnablandna og hluta sem innihalda efni skulu hafa tiltækar upplýsingar sem sýna að efni, efnablöndur og hlutir sem innihalda efni uppfylli ákvæði þessara laga“. Samkvæmt þeim tillögum sem settar eru fram í þessu frumvarpi þá er framkvæmd eftirlits með efnum, efnablöndum og efnum í hlutum og viðurlög í höndum Umhverfisstofnunar. Því er Umhverfisstofnun eingöngu nefnd í þessari grein.

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

23. gr. Hér vantar að tilgreina hvernig eftirliti verið háttað með því að sá sem selur eiturefni selji slíkar vörur eingöngu til þeirra aðila sem til er ætlast, þ.e. þeirra sem eru með eiturefnaleyfi, notendaleyfi eða eiturbeiðni og hver á að sinna því eftirliti? Þrátt fyrir ákvæði núgildandi laga og reglugerða hafa söluaðilar virt ákvæði að vettugi og aðilar án tilskilinna leyfa getað keypt eiturefni. Slíkt hefur ítrekað komið fram í eftirliti HES með fyrirtækjum. Þetta er vandamál sem koma verður í veg fyrir en það þarf að tilgreina hvernig á að standa að því.

Vísað er í 44. og 45. gr. frumvarpsins en þar koma fram þær kröfur sem kaupandi eiturefna og tiltekinna varnarefna þarf að uppfylla. Eins kemur fram í 23. gr. að nafngreindur ábyrgðaraðili þarf að vera á vegum þess sem selur. Stikkprufueftirlit gæti falist í því að senda aðila sem ekki hefur heimild til að kaupa eiturefni í verslanir, og verði verslunin uppvís um að selja aðilanum eiturefni getur verslunin misst leyfi sitt eða fengið háar sektir.

VI. kafli

Flokkun, merking og umbúðir

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

31. gr. FHU bendir á að eigi að birta hættuflokkun efnavara í öllum auglýsingum þarf Neytendastofa sem hefur eftirlit með auglýsingum skv. 9. gr. þörf fyrir að ráða aðila með sérfræðiþekkingu um flokkun og merkingu efnavara. Ekki fæst séð að af þessu fyrirkomulagi skapist hagræðing eða einföldun eftirlits.

Neytendastofa og Umhverfisstofnun eru í ágætu samstarfi er kemur að upplýsingagjöf á báða bóga. Því verður haldið áfram og því er ekki fyrirséð að Neytendastofa þurfi að byggja upp ofangreinda sérþekkingu.

46. gr. Of víðtækt er að krefja alla þá sem nota sæfiefni um að hafa notendaleyfi til meindýraeyðingar. Skv. skilgreiningu eru sæfiefni efni eða efnablöndur sem ætlað er að eyða hættulegum lífverum, bæggja þeim frá eða gera þær skaðlausar. Sæfiefni eru t.d. viðarvörn, nagdýraeitur, skordýraeitur, gróðurhindrandi efni, sóttþreinsandi efni og rotvarnarefni. Augljóst er því að tilgreina þarf hvaða sæfiefni er hér verið að tala um.

Tilgreint er í 10. gr. að sett verði í reglugerð ákvæði um skilyrði og útgáfu notendaleyfa vegna varnarefna. Þar verða tilgreind þau sæfiefni sem um ræðir.

XI. kafli

Eftirlit

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.



47. gr. Að mati FHU ætti að endurskoða þessa grein alla. Koma þarf fram að UST hafi yfirumsjón með eftirliti, tilgreina þarf nákvæmlega verksvið HES og skýrt þarf að koma fram að þvingunarúrræði fylgja eftirliti hver sem eftirlitsaðilinn er. Ekki er hægt að sinna eftirliti á markvissan og árangursríkan hátt án þess að hafa vald til að beita þvingunarúrræðum og verður HES því að hafa það vald sem eftirlitsaðili.

Sjá meðfylgjandi umfjöllun um eftirlit.

51. gr. Hér vantar alveg að tilgreina að samráð þurfi að hafa við HES við gerð eftirlitsáætlunar. Ekki er hægt að hafa það fyrirkomulag að UST geri eftirlitsáætlun sem ekki samræmist eftirlitsáætlunum HES.

Sjá skýringu við 5. gr. Hér er enn áréttað að engin tenging er á milli eftirlitsáætlunar UST og eftirlitsáætlana heilbrigðisnefnda. Hvert og eitt stjórnvald setur fram og fylgir sinni eigin áætlun. Því virðist hér vera um misskilning að ræða.

XII. kafli

Gjaldtaka

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

53. gr. Hér vantar alveg gjaldtökuheimild fyrir HES. Ekki er hægt að ætlast til þess að HES taki gjald fyrir eftirlit í samræmi við gjaldskrá UST, hvert eftirlitssvæði gerir sína gjaldskrá.

Hér er um misskilning að ræða því engin eftirlitsgjöld eru nefnd í greininni og á það eingöngu við um eftirlit Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisnefndir munu halda áfram að rukka eftirlitsgjöld hjá starfsleyfisskyldum fyrirtækjum í þeirra umsjón. Hér er því um enga breytingu að ræða.

XIII. kafli

Þvingunarúrræði

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Í greinum 54-58 vantar að nefna HES

Bent er á að skv. frumvarpinu hefur Umhverfisstofnun eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerðum settum skv. þeim. Því er eðlilegt að þvingunarúrræðin séu í höndum stofnunarinnar.

Heilbrigðisnefndir munu áfram hafa þvingunarúrræði svk. 7/98 sem þau geta beint gagnvart fyrirtækjum sem hafa starfsleyfi hjá þeim, gerist þau brotleg við starfsleyfi.

Sé um að ræða skýlaust brot á lögnum getur HES tilkynnt UST um brotið. Ef um væri að ræða vanmerka vöru í hillum verslana getur UST farið í eftirlit hjá birgja og krafið um úrbætur.

UST telur ekki að þetta hafi í för með sér töf eða flækjur. Þvingunarúrræði eru í eðli sínu oft tímafrek hefur Umhverfisstofnun undanfarin 2 ár sett upp skýran eftirfylgniferil í mengunareftirliti sem getur nýst stofnunni við að byggja upp eftirfylgni gagnvart brotum við nýjum lögum.

Enn fremur skal minnst á þau nýmæli að hægt sé að leggja á stjórnslusektir við brot á tilteknum ákvæðum laganna. Mikilvægt er að samræmi sé í beitingu slíkra úrræða og því mikilvægt að þau séu á einum stað. Hér má benda á, varðandi eftirlit með merkingum efna og efnablandna, sem er ein af skyldum HES skv. frumvarpinu, þá er það ekki verslunin sem slík sem er ábyrg fyrir réttari merkingu heldur birginn/framleiðandinn.



XIV. kafli

Viðurlög

Athugasemd í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Í greinum 59-66 vantar að nefna HES

[Sjá skýringar hér að ofan.](#)

